

20. mars 2018

Mosfellsdalur, 18. mars. 2018

Málsnr.: 201704123
Skjalasafn Mosfellsbæjar - Klarna

20 MAR 2018

Bréfalykili: 20.1.1

Góðan dag.

Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal, ákvað á sl. ári 2017 að fá verkfræðistofuna Verkís til að gera minnisblað um hugmynd að breyttu vinarstæði og gróflega meta kostnað vegna lagningu nýs vinar.

Við teljum að þetta ætti að vera eitt af aðalmálum Mosfellsbæjar vegna þess að með lagningu þessa vinar munum við minnka við umferð túrista og rúta til Þingvalla og myndi það léttu mjög mikið á umferðinni í gegnum Mosfellsbæ auk þess að það er lítill sem enginn hagur fyrir íbúa og eða verslanir Mosfellsbæjar að fá þessa umferð hér í gegn, hún skilur ekkert eftir sig nema aukna umferð, mengun og hávaða.

Við förum þess á leit við bæinn að þeir aðstoði okkur við þessa vinnu og standi straum að kostaði við gerð þessarar skýrslu, upphæðin er..... sem við höfum þegar greitt.

Höfum við óskað eftir fundi við samgönguráðherra þar sem við munum kynna þessa skýrslu og óskum eftir að farið verði í þessar vegaframkvæmdir sem fyrst.

Meðfylgjandi leggjum við fram með þessu bréfi minnisblað Verkís og afrit af reikning vegna gerðar þess.

Viðingarfyllst,


Fh. Stjórnar Víghóls



REIKNINGUR

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal
Finnur Ingi Hermannsson
Pósthólf 1
Hraðastöðum 6
270 Mosfellsbær
Ísland

Reikningsnúmer 118785
Dagsetning 2017.3.31
Gjalddagi 2017.4.27
Viðskiptamaður nr. 641198-2779

Verkfang	17059	Þingvallavegur, Mosfellsbæ
Verk nr.	17059001	Þingvallavegur um Mosfellsdal

Lýsing	Upphæð
Minnisblað	148.070
Fundir	47.115
Samtals án VSK	195.185
24% VSK	46.844
Samtals með VSK	242.029

6112760289> 0146875+ 03< 031366> 270417+

Athugasemdir þurfa að berast innan mánaðar frá dagsetningu reiknings, annars telst hann samþykktur.
Þessi reikningur er upprunninn í bókhalds- og áætlunarkerfi sem er sniðið eftir reglugerð nr. 505/2013

Fylgiskjal með verkreikningi

Verkís hf

12. apríl 2017

Bls. 1

tors

P17-02752

Verk	17059001	Tímabilið 01.03.17 til 31.03.17
		118785
Þingvallavegur um Mosfellsdal		
Verkkaupi:	641198-2779	
	Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal	
Tengiliður	Finnur Ingi Hermannsson	
Ábyrgðaraðili	Egill Viðarsson	Samgöngur og umhverfi
Verkefnisstjóri	Anna Guðrún Stefánsdóttir	

Verknokun

Verkhlut	Kenni	Magn	Ein.verð	Heildarverð
01 Minnisblað				
16.03.17 Gerð minnisblaðs	ANGS	2 KLST	18.420	36.840
17.03.17 Gerð minnisblaðs	ANGS	5 KLST	18.420	92.100
21.03.17 Yfirllestur og kostnaðaráætlun	GJ	1 KLST	19.130	19.130
Verkhlut 01 samtals		8 KLST		148.070
02 Fundir				
14.03.17 Fundur	ANGS	1 KLST	18.420	18.420
13.03.17 Undirbúningur fyrir fund	GJ	0,5 KLST	19.130	9.565
14.03.17 Fundur með íbúum	GJ	1 KLST	19.130	19.130
Verkhlut 02 samtals		2,5 KLST		47.115
Verk nr. 17059001 samtals		10,5 KLST		195.185

Samantekt - Vinna

Heiti	Kenni	Magn	Ein.verð	Heildarverð
Anna Guðrún Stefánsdóttir	ANGS	8 KLST	18.420	147.360
Guðmundur Jónsson (V)	GJ	2,5 KLST	19.130	47.825
Samtals		10,5 KLST		195.185

ÞINGVALLAVEGUR UM MOSFELLSDAL

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: DAGS.: 2017-03-20
VERKHLUTI: NR.: 01
HÖFUNDUR: AnGS
DREIFING: Íbúasamtök Mosfellsbæjar. Tengiliður Finnur Hermannsson

Forsaga

Vegagerðin er að undirbúa framkvæmdir á Þingvallaveginum þar sem hann liggur um Mosfellsdal. Felast þær í að bæta umferðaröryggi í dalnum með því að draga úr umferðarhraða með tveimur hringtorgum, lækka hámarkshraða, gera undirgöng fyrir gangandi og færa göngustig fjær þjóðveginum. Tillögur voru grenndarkynntar fyrr á þessu ári þar sem þeim var hafnað af mörgum íbúum dalsins vegna ýmissa vankanta sem þeir töldu við kynntar tillögur.

Í samgönguáætlun 2015-2026 undir kaflanum „Undirbúningur verka utan áætlunar“ er gert ráð fyrir 250 m.kr. fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal, 2 hringtorg og undirgöng, á tímabilinu 2019-2022.

Íbúar dalsins ákváðu að biðja Verkís um gerð minnisblaðs. Með minnisblaðinu vilja þau koma á framfæri hugmynd af breyttu vegstæði og gróflega meta kostnað lagningu nýs vegar.

1 Staðhættir

Talsverð umferð er um Þingvallarveg. Vegagerðin er með umferðarteljara á Þingvallarvegi 200 m austan Kjósarskarðsvegar. Má fastlega gera ráð fyrir að sú umferð sem fer um þennan vegkafla sé nánast eingöngu vegna umferðar til Þingvalla. Samkvæmt umferðarteljaranum¹ var árið 2016 ÁDU² 1884, SDU³ 2822 og VDU⁴ 1137. Mesta umferðin er á laugardögum og sunnudögum og fór hún mest í 4096 bíla á einum sólarhring sunnudaginn 17. júlí 2016. Umferðin hefur aukist mikið á síðastliðnum 5 árum og til samanburðar má sjá að árið 2011 var ÁDU 997, DSU 1829 OG VDU 394. Vekur sérstaka athygli hvað VDU hefur aukist mikið á þessu tímabili en það er í samræmi við þróun ferðamannastraums til landsins.

	Þingvallarvegur 200m austan Kjósarskarðsvegar			Þingvallarvegur ofan Helgafellsmela		
	2011	2016	Aukning	2011	2016	Aukning
ÁDU	997	1884	189%	1918	2942	153%
SDU	1829	2822	154%	2934	4092	139%
VDU	394	1137	289%	1236	2087	169%
ÁDU/SDU	0,5451	0,6676		0,6537	0,7187	

¹ <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfhjodvegum/>


² ÁDU=Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.

³ SDU=Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

⁴ VDU=Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.



Hugmynd íbúa Mosfellsdals er að endurvekja gamalt vegstæði. Sú leið liggur milli Reykjavíkur og Þingvalla frá Suðurlandsvegi um Nesjavallaveg, Seljadal og Háamel. Ekki er hægt að nýta neitt af gamla veginum og því þarf að gera nýjan veg.



Mynd 1-1 Núverandi þingvalla leið og tillaga að nýrri leið á svipuðum slóðum og gamla þingvallaleið.

Gamla þingvallaleið liggur að mestu um Mosfellsbæ en nyrsti parturinn liggur um Bláskógarbyggð, sjá Mynd 1-2. Gamla þingvallaleið liggur ekki um verndarsvæði en núverandi vegur liggur um svæði með hverfisvernd. Þar sem vegir þöra hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi skal vanda útfærslu brúa, lágmarka rask á vatnsbökkum og vanda umhverfisfrágang⁵. Gamla þingvallaleið liggur ekki um vatnsverndarsvæði en það gerir núverandi vegur en sú leið liggur í gegnum grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar, sjá Mynd 1-4.

⁵ Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.



KORT 1 – SVEITARFÉLÓG SEM MYNDA HÖFUÐBORGARSVÆÐID

Stóra Höfuðborgarsvæðins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélöganna. Sveitarfélögum eru byggð á grunni Landnámlings Íslands, en óvæsa ríki um legu þeirra a vissum staðum.

KJÓSARHREPPUR
REYKJAVÍKURBORG
MOSFELLSBÆR
KOPAVOGSBÆR

GARDABÆR
HAFNARFJALLARKAUPSTAPUR

SELTJARNARNESKAUPSTADUR

Mynd 1-2 Sveitarfélög sem mynda höfuðborgarsvæðið. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.




KORT 8 – VERNDARSVÆÐI

A kortinu eru þau svæði sem nýta fráunur og leða verndar end 2014. Stefna höfuðborgarsvæðisins á 40% af all semra meginhluti svæðisins tilgreindar verndarsvæðum.

Við útfærslu frílystra svæða og hvertfisverndar tildeildipulgasæðumini svæðislega skal taka mið af töflu 3 um matamæðið í 4 krafu.

- FRIDLÝST SVÆÐI
- FÓLKvangar með STJÓRN
- NATTURUMINJASKRA
- HVERFISVERND
- BORGARBYGGð (2014)
- DREIFIBYLU
- MORK HÖFUÐBORGARSVÆÐIS
- VÄXTARMÖRK
- VEGIR



Mynd 1-3 Verndarsvæði. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.



2 Breytt vegstæði

Ef miðað er við að nýr vegur til Þingvalla byrji við Nesjavallarveg austan við Krókatjörn og endi við Þingvallarveg móts við Kjósarskarðsveg verður vegurinn um 19,5 km langur, sjá Mynd 1-1.

Nesjavallarvegur er mjór og er líklega æskilegt að hann verði breikkaður til að taka við aukinni umferð. Kaflinn sem þyrfti að breikka er um 5,5 km langur. Á þessum kafla eru margar tengingar að húsum og með of stuttu millibili til að uppfylla veghönnunarreglur. Huga þarf að hljóðvörnum á einhverjum köflum. Á kaflanum liggar hitaveitulögning ekki samhliða veginum og því þarf ekki að verja hana sérstaklega. Ekki verðu lagt mat á þessa kostnaðarliði hér því líklegt er að ef ekki verður byggður nýr vegur til Þingvalla þarf að gera ýmsar lagfæringar á núverandi Þingvallarvegi auk þeirra tillagna sem nú þegar liggja fyrir og voru nefndar hér í upphafi.

Til að bera saman lengdir akstursleiða, annarsvegar núverandi leið um Mosfellsdal og hinsvegar um nýjan veg yfir Mosfellsheiði, var ákveðið að skoða frá punkti við gatnamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar þar sem þar myndu leiðir skilja ef ekið er frá miðbænum. Að gatnamótum Þingvallarvegar og Kjósarskarðsvegar eru 30,8 km um gömlu Þingvallarleið og en 25,9 km um núverandi leið. Þessar vegalengdir miðast við að ekið sé frá vestanverðu höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsáætlunar gerar ráð fyrir framkvæmdum sem munu stytta vegalengdir frá sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu og í vesturátt eins og t.d. ofanbyggðarvegur og tenging Arnarnesvegar við Breiðholtsbraut. Mun þá líklegast leiðin frá sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu til Þingvalla stytta talsvert ef farið verður um gömlu Þingvallarleið. Einungis var horft á vegalengdir í þessum samanburði en það segir ekki allt um ferðatíma en þar hafa áhrif aðrir þættir eins og umferðarhraði, umferðarmagn, fjöldi gatnamóta og fleira.

2.1 Kostnaður við nýjan veg

Miðað við umferðarmagn um Þingvallarveg við Kjósarskarðsveg og þá aukningu sem áætlað er að verði á ferðamönnum má gera ráð fyrir að það þurfi vegtegund C10, þ.e. veg 10 m breitt þversniði, akreinar 3,5 m breiðar og axlir 1,5 m.

Mjög margt er óljóst við umhverfið við gömlu Þingvallarleið og því margir óvissuþættir við gerð kostnaðaráætlunar. Fláar, skeringar, fjöldi ræsa, fjöldi brúa, jarðlög, námur og margt fleira er óljóst.

Mjög gróflega má áætla að kostnað við veg:

Breidd akreina, 2 x 3,5 m	Kostnaður, kr.
Breidd axla 1,5 m	
Lengd	
Bundið slitlag	750.000.000
Efra burðarlag	130.000.000
Styrktarlag	400.000.000
Fyllingar	35.000.000
Ræsi	10.000.000
frágangur fláa	10.000.000
Skeringar	80.000.000
Vegmálun	10.000.000
Samtals	1.425.000.000
Umsjón, hönnun og eftirlit	18%
Óvissa	25%
Samtals	2.037.750.000